

Viðauki við útgáfusamning um hljóðbóka- og/eða rafbókarétt í eintakasölu

Viðauki við samning útgáfu verksins _____
milli _____ sem höfundar
og _____ sem útgefanda
vegna ____ hljóðbókar og/eða ____ rafbókar útgáfu/dreifingar verksins _____.

Öll ákvæði útgáfusamnings um verkið sem er dagsettur _____, gilda um viðauka þennan og hann skoðast sem hluti útgáfusamningsins og gildir jafn lengi og útgáfusamningurinn.

Í viðauka þessum og útgáfusamningi aðila skal *áskriftarfyrirkomulag* þýða sala/dreifing verka, hljóðbóka og/eða rafbóka, sem fram fer með þeim hætti að kaupendur greiða fast mánaðargjald í áskrift og öðlast þá aðgang að tilteknum fjölda verka án þess að greitt sé sérstaklega fyrir hvert eintak sem kaupandinn fær aðgang að í gegnum áskrift sína.

Höfundur veitir útgefandanum rétt til útgáfu verksins á hljóðbók og/eða rafbók, hafi ekki verið samið um slíkt í upphaflegum útgáfusamningi. Hafi upphaflegur samningur fjallað um hljóðbóka- og/eða rafbókaútgáfu og/eða hafi verið samið um slíka útgáfu þá gilda eldri samningar. Aðilar eru sammála um að skilgreina veitt réttindi samkvæmt útgáfusamningi eins og að neðan greinir.

Rétturinn nær til eftirfarandi útgáfu verksins:

Útgáfu eintaka, hljóðbóka og/eða rafbóka, á geisladiski eða eintaks sem selt er sem stakt eintak í streymi, útgáfu eintaka til rafræns niðurhals **en þó ekki til miðlunar með áskriftarfyrirkomulagi**. Á meðan samningurinn er í gildi getur því hvorki höfundur né útgefandi án síðara samþykkis hins dreift eða heimilað dreifingu verksins með áskriftarfyrirkomulagi útgefanda sjálfs og/eða þriðja aðila.

Upplstur verksins á hljóðbók skal vera eftir nýjustu útgáfu verksins og vera vandaður í alla staði.

Höfundarlaun skulu reiknast sem 23% af heildsöluverði frá útgefanda eða hlutfalli af greiðslu til útgefanda vegna eintakasölu hljóðbókar en af rafbókum eins og viðmiðunarsamningur RSÍ og FÍBÚT miðar við.

Útgefanda er heimilt að gefa út hljóðbók og/eða rafbók til eintakasölu hjá þriðja aðila en er í slíku tilviki ábyrgur fyrir efndum gagnvart höfundinum, s.s. greiðslu höfundarlauna og skal gera höfundi grein fyrir sundurliðun slíkra tekna á árlegu uppgjöri.

Um framsal réttinda frá útgefanda til þriðja aðila gildir 5. gr. útgáfusamnings milli RSÍ og FÍBÚT.

Staður og dagsetning
